



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 22. mars 2023
MOF23030006

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Listahátið í Reykjavík - Endurnýjun þríhliða samstarfssamnings - MSS23020167

Menningar- og íþróttasviði hefur verið falið með bréfi frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. mars 2023 að taka til meðferðar erindi frá Listahátið í Reykjavík sem sent var á bæði borgarstjóra og menningar- og viðskiptaráðherra og afhent formanni borgarráðs Einari Þorsteinssyni í febrúar sl. Efni erindisins er endurnýjun þríhliða samnings Menningar- og viðskiptaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Listahátiðar í Reykjavík en núgildandi samningur um framlag ríkis og borgar rennur út í ár. Bent er á að framlag ríkis og borgar hafi ekki hækkað frá árinu 2007 og nemur það framlag nú 36 mkr. frá hvorum aðila, samtals 72 mkr. á ári. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 150%. Fulltrúar Listahátiðar benda á að ef framlag ríkis og borgar helst óbreytt áfram muni muni rekstrarkostnaður fara yfir 50% af heildarkostnaði Listahátiðar á hátíðarári sem þýðir að minna er til ráðstöfunar í verkefni á Listahátið og bolmagn hátíðarinnar til þátttöku í stærri verkefnum og frumsköpun minnkar enn frekar. Bent er á gott orðspor hátíðarinnar á alþjóðavísu og lykilstöðu hennar sem aflvaki frumsköpunar og samstarfs og það mikilvæga hlutverk sem hún gegnir í vistkerfi íslensks menningarlífs. Til að halda þessari mikilvægu stöðu óska fulltrúar Listahátiðar í Reykjavík eftir því að ríki og borg hækki framlag sitt um 15 milljónir hvor á tímabilinu 2024 - 2026, samtals 30 milljónir á ári.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Samningur

Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Listahátiðar í Reykjavík

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969 og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hér eftir nefndir stofnaðilar og sjálfseignarstofnunin Listahátið í Reykjavík, kt. 490970-0299, hér eftir nefnd Listahátið í samningi þessum gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið, verkefni og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- Efla menningar- og listalíf á Íslandi, almenningi til heilla með fjárstuðningi við Listahátið í Reykjavík.
- Tryggja framgang stefnu málefnsaviðs 18 í málaflokki 18.2, sbr. fjármálaáætlun 2021-2025.
- Tryggja framgang menningarstefnu ríkisins og menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

1.2. Verkefni

- Listahátið í Reykjavík var fyrst haldin árið 1970 og fagnaði því 50 ára afmæli árið 2020. Fram til ársins 2004 var hún haldin annað hvert ár en síðan árlega til ársins 2016 þegar hún var aftur gerð að tvíæringi.
- Listahátið í Reykjavík er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli skipulagsskrár frá 9. desember 2016. Stofnendur eru mennta- og menningarmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg.
- Hlutverk Listahátiðar er að skipuleggja og standa að listahátiðum í Reykjavík annað hvert ár á sviði tónlistar, leik- og danslistar, bókmennata, myndlistar, hönnunar og fleiri listgreina.
- Hátíðin er gátt og vettvangur fyrir listsköpun í hæsta gæðaflokki frá öllum heimshornum en hún á líka í kraftmiklu og lifandi sambandi við almenning og leitast við að virkja sem flesta til þátttöku.
- Hátíðin er vettvangur samtals og samstarfs þvert á listgreinar og þvert á landamæri. Hún leitast við að koma stöðugt á óvart, endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins, vera sýnileg í borginni og teygja sig jafnframt út fyrir borgarmörkin.
- Við verkefnaval er faglegur metnaður, kjarkur og stórhugur hafður að leiðarljósi og ætið leitast við að viðburðir hafi slagkraft og gildi fyrir íslenskt listalíf og samfélag.
- Stuðst er við skýrt þema fyrir hverja hátíð sem talar beint inn í samtímann og skapar merkingarbært samhengi fyrir listafólk sem að hátíðinni kemur, sem og gesti hennar.

1.3. Starfsemi

Í samræmi við árlega starfsáætlun, sbr. gr. 5.2. skal starfsemi Listahátið miðast að því að efla menningar- og listalíf á Íslandi almenningi til heilla.

1.4. Áherslur

- Listahátið taki mið af menningarstefnu ríkisins.
- Listahátið taki mið af menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

2. Forsendur samnings, lagaheimildir og lagaskyldur

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi.
- 2.3. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnaðsviði 18 menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokki 18.2 Menningarstofnanir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.4. Styrkjareglur Reykjavíkurborgar gilda um meðferð samningsins hvað Reykjavíkurborg varðar. Framlag til samningsins kemur úr ramma menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs annast samskipti aðila vegna samningsins.
- 2.5. Listahátið í Reykjavík skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.6. Listahátið starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 9. desember 2016. Listahátið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsámda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Heildarskuldbinding samningsins er 216 m.kr. þar af er framlag ráðuneytisins 108 m.kr. og Reykjavíkurborgar 108 m.kr.
- 3.2. Árlegt framlag ráðuneytisins er 36 m.kr. á samningstímanum. Framlag Reykjavíkurborgar er 36 m.kr. árlega 2021, 2022 og 2023 með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar vegna áranna 2022 og 2023.
- 3.3. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málafloks 18.2 Menningarstofnanir í fjárlögum eða fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breytti fjárveitingu.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og fjárhagsáætlunar og á Listahátið ekki kröfu á ríkissjóð eða Reykjavíkurborg eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Stofnaðilar greiða árlegt framlag sitt í samræmi við greiðsluáætlun og hefjast greiðslur í janúar ár hvert. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka 0101 26 030168.
- 3.7. Verði hagnaður af starfsemi stofnunarinnar þá verður honum varið í þágu þessa markmiðs og skal Listahátið því halda honum til ráðstöfunar en verði halli á starfseminni skal stjórn Listahátiðar afla styrkja og tekna á móti frá öðrum aðilum, allt í samræmi við skipulagsskrá Listahátiðar og í samræmi við ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir nr. 33 frá 19. mars 1999 með síðari breytingum og lögum um ársreikninga.

4. Ábyrgð

- 4.1. Listahátið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Listahátið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. Listahátið ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Listahátið er óheimilt að:
 - Afhenda, án skriflegs samþykkis stofnaðila, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Stofnaðilar hafa eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Listahátið skilar stofnaðilum árlega stefnuskjali til þriggja ára sbr. gr. 31. í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Í stefnuskjalinu skal koma fram helstu markmið og aðgerðir Listahátiðar. Stefnuskjalið skal taka mið af stefnu ráðherra fyrir málefnaflokk 18.2 sem birtist í fjármálaáætlun til næstu fimm ára og greinargerð málefnaði 18 sem birtist í fjárlagafrumvarpi hvers árs. Jafnframt skal stefnuskjalið taka mið af gildandi menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnuskjalið er viðhengi við samning þennan.
- 5.3. Listahátið skal skila stofnaðilum ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs, sbr. gr. 1.3. þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars ár hvert. Einnig skilar Listahátið áætlun um rekstur og sjóðsstreymi ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að eftir aðalfund fulltrúaráðs í október ár hvert.
- 5.4. Listahátið skal skila stofnaðilum endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 5.5. Stofnaðilar og Listahátið funda að lágmarki árlega um samninginn og framkvæmd hans. Fyrir lok nóvember skilar Listahátið stofnaðilum greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi m.a. staða verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað miðað við áætlun. Einnig skal gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á verkefninu sbr. stefnuskjal sbr. gr. 5.2.
- 5.6. Listahátið skilar stofnaðilum öllum þeim upplýsingum sem stofnaðilar kallað eftir, í tengslum við rekstur Listahátiðar til opinberrar upplýsingagjafar
- 5.7. Listahátið veitir stofnaðilum upplýsingar sem þeir kallað eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Stofnaðilar hafa heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hafa stofnaðilar óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.8. Á öllu kynningarefni hátiðarinnar komi fram á áberandi hátt að hún er styrkt af Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Nota skal auðkenni borgar og ríkis í því skyni.
- 5.9. Eigi Listahátið í viðskiptum við lögaðila sem Listahátið á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda Listahátiðar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.10. Samning þennan, ársreikning Listahátiðar (sbr. grein 5.4.) og greinargerð um framkvæmd samnings (sbr. grein 5.5) skal birta á vef Listahátiðar jafnóðum og gögn liggja fyrir. Stofnaðilum er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

WT
JG


6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Listahátið tilkynnir stofnaðilum tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt skal Listahátið greina frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Stofnaðilum er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli Listahátið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2023 í samræmi við samþykkt borgarráðs og ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með briggja mánaða fyrirvara
- 7.4. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili eintaki auk þessa sem fjármála- og efnahagsráðuneyti heldur eintaki.

Reykjavík 9. mars 2021


Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra


Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri Reykjavíkur


Vigdís Jakobsdóttir
Listrænn stjórnandi Listahátiðar í Reykjavík



Reykjavík, 24. febrúar 2023

Erindi til menningar- og viðskiptaráðherra og borgarstjóra

Afrit sent til formanns borgarráðs, Einars Þorsteinssonar.

**Endumýjun þríhlíðasamnings Menningar- og viðskiptaráðuneytis,
Reykjavíkurborgar og Listahátiðar í Reykjavík**

Allt frá stofnun Listahátiðar árið 1969 og fyrstu hátiðinni sem haldin var árið 1970 hafa ríki og borg staðið saman að Listahátið í Reykjavík og þannig tryggt að á Íslandi þrifist sterkt alþjóðleg listahátið sem stenst samanburð við flestar helstu þverfaglegu listahátiðir heims.

Listahátið í Reykjavík er í einstakri stöðu í íslensku menningarlíf. Hún á í frjóu og góðu samstarfi við nánast allar helstu menningarstofnanir landsins auk þess að vera vel tengd bæði alþjóðlega og í grásrót lista. Hátiðin er aflatíki samstarfs og samtals þvert á stofnanir, listgreinar og landamæri.

Á síðari árum hefur hátiðin verið í fararbroddi í íslensku menningarlífí hvað varðar sýnileika jaðarsettra hópa í listum og aðgengi í víðasta skilningi þess orðs. Stór hluti dagskrár Listahátiðar er ókeypis, hátiðin býður upp á öfluga fjölskyldudagskrá og lögð er áhersla á viðburði í almenningsrými. Þó margt sé um að vera í miðborginni á Listahátið þá teygir hátiðin sig til úthverfa borgarinnar, til stór höfuðborgarsvæðisins og í auknum mæli út á land. Enda er það leiðarljós í öllu starfi hátiðarinnar að listir og menning séu ekki forréttindi fárra heldur réttur allra.

Þessar áherslur eru í miklum samhljómi við bæði menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030 og aðgerðaráætlun Menningarráðuneytisins um listir og menningu til 2030.

Fjárhagsstaða hátiðarinnar og endumýjun þríhlíða samnings 2024-2026

Núgildandi framlagssamningur gildir út þetta ár og því er komið að endurnýjun. Árið 2021 var samningur síðast endurnýjaður til þriggja ára og þá með óbreyttu framlagi frá því sem áður var.

Framlag ríkis og borgar til Listahátiðar í Reykjavík hefur ekki hækkað í krónum talið allt frá árinu 2007. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 150% og því er óhætt að tala um helmingsskerðingu framlaga að raunvirði. Hátiðin var um tíma haldin árlega en var aftur gerð að tvíæringi árið 2016 sem leiðrétti stöðuna aðeins en því miður er staðan þannig í





dag að um 40% skerðing hefur orðið á því fjármagni sem úr er að spila fyrir dagskrárgerð hverrar hátíðar. Hlutfall rekstrarkostnaðar eykst árlega og þar af leiðandi er sífellt lægra hlutfall tekna eftir fyrir hátíðina sjálfa.

Stjórnendum Listahátiðar hefur tekist að halda sjó undanfarin ár en því miður er nú komið að þolmörkum.

Laun hjá Listahátið hafa hækkað um að meðaltali um 80% á árunum 2007-2022 en virði launa hjá hátíðinni á sama tímabili hafa lækkað að meðaltali um þriðjung miðað við meðal launavísitölu hvers árs.

Ef framlag helst það sama frá og með árinu 2024 sjáum við rekstrarkostnað fara yfir 50% heildarkostnaði Listahátiðar á hátíðarári. Það þýðir að minna er til ráðstöfunar í verkefni á Listahátið og bolmagn hátíðarinna til þátttöku í stærri verkefnum og frumsköpun minnkar enn frekar.

Löng saga Listahátiðar, gott orðspor hennar á alþjóðavettvangi og lykilstaða sem aflvaki frumsköpunar og samstarfs gerir hana að mikilvægum hluta þess vistkerfis sem íslenskt menningarlíf er. Til að halda þeirri stöðu og sækja fram óskum við eftir því að ríki og borg hækki framlag sitt um 15 milljónir hvort, samtals 30 milljónir á ári.

Virðingarfyllst,

Sigtryggur Magnason
Stjórnarformaður, fulltrúi ráðuneytis í stjórn

Magrét M. Nørðdahl
Varaformaður stjómar, fulltrúi borgar í stjóm

Tryggvi M. Baldvinsson
Stjórmarmaður, fulltrúi fulltrúaráðs í stjóm